



15. gr.

*Tímabundið atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna á grundvelli þjónustusamninga.*

Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi, að uppfylltum skilyrðum c–e-liðar 1. mgr. 7. gr.

Þjónustusamningur við fyrirtæki hér á landi skal liggja fyrir. Í samningnum skal m.a. koma fram að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður hins erlenda fyrirtækis annist þjónustuna.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings.

Atvinnuleyfi veitt samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur til landsins.)

Atvinnuleyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki orðið grundvöllur óbundins atvinnuleyfis skv. 17. gr.